Reykjavíkurborg

Reykjavík, 7. mars 2022
SFS22020021

# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi**: Skóla- og frístundaráð
**Sendandi**: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík 2021***

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík 2021 voru afhent 21. febrúar 2022. Afhending verðlaunanna er venjulega á *Degi íslenskrar tungu*, 16. nóvember en fór að þessu sinni fram á *Alþjóðadegi móðurmálsins* þar sem fresta þurfti henni vegna heimsfaraldurs. Er þetta í fimmtánda sinn sem verðlaunin eru afhent en þau eru á vegum skóla- og frístundráðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Íslenskuverðlaununum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu í töluðu og rituðu máli.

Að þessu sinni fengu 67 nemendur í 34 grunnskólum verðlaun en alls hafa rúmlega 930 nemendur eða nemendahópar verið tilnefndir til verðlaunanna frá upphafi. Allir grunnskólar í borginni geta tilnefnt nemendur eða nemendahópa, einn á hverju skólastigi. Meðal verðlaunahafa voru ungir, áhugasamir lestrarhestar, framúrskarandi upplesarar, nemendur með annað móðurmál en íslensku sem náð hafa góðum tökum á íslensku á skömmum tíma, sagnahöfundar og ljóðskáld.

Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands 1980-1996. Verðlaunin að þessu sinni voru viðurkenningarskjal með undirritun Vigdísar Finnbogadóttur og bókin *Ljóðaúrval* með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar. Verðlaunhafar fengu einnig að gjöf bókamerki frá Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.

Verðlaunaafhendingin fór fram við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu. Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs hélt setningarávarp. Sýnt var myndband með ávarpi verndara verðlaunanna, Vigdísar Finnbogadóttur. Afhendingin var í höndum Skúla Helgasonar formanns skóla- og frístundaráðs og Elínar Oddnýjar Sigurðardóttur, fulltrúa í skóla- og frístundaráði. Skólahljómsveit Austurbæjar var með tónlistaratriði við upphaf athafnarinnar og um miðbik hennar. Í lok athafnar sungu allir gestir *Á íslensku má alltaf finna svar* eftir Þórarinn Eldjárn og Atla Heimi Sveinsson, við undirleik Soffíu Vagnsdóttur, skrifstofustjóra á grunnskólafagskrifstofu SFS, en hún var einnig kynnir á viðburðinum.

Nefnd um verðlaunin er skipuð Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa sem er formaður, Kristínu Jóhannesdóttur fyrir hönd skólastjóra, Láru Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir hönd kennara, Ólöfu K. Sívertsen fyrir hönd grunnskólahluta fagskrifstofu og Kristínu Viðarsdóttur fyrir hönd Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs sem sáu um undirbúning og framkvæmd eru Anna Garðarsdóttir, Guðrún Hjartardóttir og Erla Stefánsdóttir sem sá um frágang myndbands.

# Íslenskuverðlaun unga fólksins 2021 - verðlaunahafar

Austurbæjarskóli
Nína María E. Valgarðsdóttir
Iðunn Hlynsdóttir
Elina Rita Wirth

Álftamýrarskóli
Hinrik Úlfarsson

Árbæjarskóli
Kristín Þ. Matthíasdóttir Haarde
Hilmar Birgir Lárusson
Karen Arna Einarsdóttir

Ártúnsskóli
Sóldís Perla Marteinsdóttir

Borgaskóli
Sigurður Guðni Snæland

Breiðagerðisskóli
Tobias Auffenberg

Breiðholtsskóli
Jeramias Borjas Tablante
Baldur Þór Björnsson

Dalskóli
Blanka Wiktoria Szulborska

Engjaskóli
Nökkvi Þór Svansson

Fellaskóli
Austéja Rekeltaité
Jeremiah Páll Mascardo Patambag
Kim Ngan Nguyen

Foldaskóli
Inga Júlíana Jónsdóttir
Karol Stanislaw Baczyk

Fossvogsskóli
Ásta Margrét M. Árnadóttir
Hilmir Pálsson

Hagaskóli
Jökull Jónsson

Hamraskóli
Árbjört Vetrarrós Jónsdóttir
Áróra Mjöll Jónsdóttir

Háteigsskóli
Anna Valgerður Káradóttir
Hildur Guðlaug Helgadóttir

Hlíðaskóli
Gabriela Björk Piech
Milena Lilja Piech

Hólabrekkuskóli
Gísli Alexander Ágústsson
Anas Shati Nourdin Abdelaziz
Nejla Vajzovic

Húsaskóli
Anna Kristín Hrafnkelsdóttir
Alisa Tertyshna

Ingunnarskóli
Sandra Ýr Þorkelsdóttir

Klébergsskóli
Elmar Darri Ríkharðsson
Matthildur Sóley Eggertsdóttir
Telma Sigurðardóttir

Landakotsskóli
Ágúst Minelga Ágústsson
Anya Sara Ratanpal
Ragnheiður Hafstein

Langholtsskóli
Erla Sigríður Ólafsdóttir

Laugalækjarskóli
Embla María Jóhannesdóttir
Savo Guðmundur Rakanovic

Laugarnesskóli
Urður Ása Jónsdóttir

Melaskóli
Helena Árnadóttir
Kenzo Eghosa Awaanisha

Norðlingaskóli
Gunnar Jónsson
Júlía Huld Birkisdóttir
Eva Arnarsdóttir

Rimaskóli
Þórdís María Arnarsdóttir
Pétur Zimsen
Bjartþór Ragnar Sigurbjörnsson

Selásskóli
Þuríður Inga Olgeirsdóttir
Hanna Otte

Seljaskóli
Birna Rún Fenger
Alma Fenger
Hlín Halldórsdóttir

Sæmundarskóli
Ingunn María Brynjarsdóttir
Guðný Björk Ívarsdóttir
Þórdís María Guðmundsdóttir

Tjarnarskóli
Valgerður Ólafsdóttir

Víkurskóli
Jón Arnór Pétursson

Vogaskóli
Heiða Björk Halldórsdóttir
Yousif Mohammed Saleh

Ölduselsskóli
Lukas Danupas
Natalía Eir Curtis
Rúnar Ingi Brynjarsson